

Borgarbyggð
Umhverfis- og skipulagssvið
Borgarbraut 14
300 Borgarnes

Reykjavík 24. maí 2018
UST201804-294/K.S.J.
10.04.02

Efni: Lýsing. Aðalskipulag Borgarbyggðar 2010 - 2022 - Breyting - Hringvegur 1

Vísað er til erindis umhverfis- og skipulagssviðs Borgarbyggðar er barst 26. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu tillögu að breytingu á aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010 – 2022.

Í ofangreindri lýsingu tillögu að breytingu felst að áætlun um færslu Hringvegur 1 við Borgarnes, fram hjá austurbyggðinni, verði afturkölluð.


Í lýsingu kemur fram að frá þeim tíma þegar brúin yfir Borgarfjörð var byggð, var gert ráð fyrir, að hjáleið fram hjá byggðinni yrði framkvæmd. Var áætlað að vegstæðið yrði meðfram austurströndinni og myndi koma á land við Bjarg.


Í tillögu að breytingu sem lýsingin fjallar um er gert ráð fyrir að umferð fari áfram í gegn um Borgarnes og að unnið verði að endurbótum og hraðmínkandi aðgerðum á Hringvegi 1 um Borgarnes, en tekinn er út úr skipulagi áætlaður flutningur á Hringvegi 1 fram hjá austurbyggðinni.

Að mati Umhverfisstofnunar væri það léttir fyrir byggð í Borgarnesi ef Hringvegur 1 færi fram hjá þéttbýlinu en ekki í gegnum það eins og nú er. Á hinn bóginn yrði mikið rask af uppbyggingu nýs vegar meðfram ströndinni.

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að fram komi í breytingartillögu hvernig tekist verður á við umferðarhávaða við gerð endurbóta á Hringvegi 1 í gegnum byggðina í Borgarnesi. Einnig er að mati stofnunarinnar mikilvægt að fram komi hvernig gætt verði að öryggi gangandi vegfarenda s.s. með göngubrú yfir Hringveg 1 eða undirgöngum.

Virðingarfyllt


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur